

Almannatryggingar í 90 ár

Lög um alþýðutryggingar tóku gildi árið 1936 og sama ár var Tryggingastofnun ríkisins sett á laggirnar. Það var mikil framsýni hjá fámennri þjóð að setja lög um ýmis konar tryggingar fyrir landsmenn og byggja þannig grunn að öryggisneti fyrir þá sem þurfa á að halda af ýmsum ástæðum. Þegar lífeyri var fyrst úthlutað samkvæmt hinum nýju alþýðutryggingalögum haustið 1936 voru íbúar landsins tæplega 160 þúsund talsins og voru greiddar samtals 942.420 krónur til 5.860 einstaklinga. Nú 90 árum síðar eru íbúar um 390 þúsund og greiðslur frá TR árið 2025 námu tæplega 250 milljörðum króna.

Í áranna rás hefur almannatryggingakerfið þróast og breyst í takt við breytt samfélag og breyttar áherslur. Með tímanum varð Tryggingastofnun ríkisins að Tryggingastofnun, Sjúkratryggingum Íslands og Vinnumálastofnun. Í upphafi fjölluðu lög um alþýðutryggingar um slysatryggingar, sjúkratryggingar, elli- og örorkutryggingar og atvinnuleysistryggingar. Það má í raun segja að 90 árum síðar er grunnurinn að almannatryggingum sá sami þó áherslur og útfærslur hafi breyst.

Tryggingastofnun gegnir lykilhlutverki í íslensku velferðarkerfi. Hlutverk TR er að greiða lífeyri og aðrar lögbundnar greiðslur samkvæmt almannatryggingalögum, lögum um félagslega aðstoð og lögum um málefni langveikra barna auk annarra verkefna sem stofnuninni eru falin. Tryggingastofnun greiðir á þriðja tug ýmissa tegunda greiðslna, svo sem ellilífeyri, örorkulífeyri, sjúkra – og endurhæfingargreiðslur, meðlag, barnalífeyri, mæðra- og feðralaun, bílastyrki, umönnunargreiðslur og foreldragreiðslur vegna langveikra og fatlaðra barna. Tugþúsundir einstaklinga með mismunandi þarfir, lífsaðstæður og væntingar fá þessar greiðslur. Verkefni okkar hjá TR er að mæta þeim með fagmennsku og virðingu og vera ávallt hlý, skýr og upplýsandi.

Ef litið er til þróunar helstu greiðsluflokka TR sem hlutfall af íbúum hér á landi má sjá að hlutfall ellilífeyrisþega er 11,6% árið 2025 og fer hækkandi. Hlutfall þeirra sem fá örorkulífeyri hjá TR af landsmönnum búsettum á Íslandi er rúmlega 5% en hlutfallið fer lækkandi. Einstaklingum sem fá sjúkra- endurhæfingargreiðslur hjá TR fjölgar sem hlutfall af landsmönnum og var 2,2% árið 2025. Um 86 þúsund manns fengu greiðslur frá TR á árinu 2025 og af þeim voru 77 þúsund manns með mánaðarlegar greiðslur.

Lýðfræðilegar og tæknilegar breytingar

Veruleg fólksfjölgun hefur verið á Íslandi undanfarin ár og samkvæmt spám Hagstofunnar mun íbúum fjölga næstu áratugi auk þess sem samsetning þjóðarinnar breytist. Ýmislegt helst í hendur við breytingar á samsetningu þjóðarinnar svo sem aldurssamsetning, fæðingartíðni og fjölþjóðlegur bakgrunnur íbúa. Þar af leiðir að horfa þarf til framtíðar almannatrygginga og hvernig myndin af almannatryggingum mun líta út. Til að mynda mun hlutfall eldri borgara sem hlutfall af þjóð verða hærra en það er í dag. Hlutfall þeirra sem eru á vinnumarkaði verður lægra en það sem það er í dag og börnum sem hlutfalli af íbúum mun fækka. Þá mun tæknin hafa veruleg áhrif á

vinnumarkaðinn næstu áratugi og líklegt að gervigreind, sjálfvirkni og ýmis konar vélvæðing taki yfir ýmis störf.

Tímamót og framtíðin

Framtíðin er núna og huga þarf að almannatryggingum framtíðarinnar. Við þurfum að velta upp spurningum um greiðslur, réttindaávinning og lagaumgjörð. Jafnframt þarf að huga að hvatningu til þátttöku á vinnumarkaði, öldrun þjóðar, samspili atvinnulífs og hins opinbera, og hvernig við nýtum tæknina. Allt eru þetta þættir sem hafa áhrif á framgang kerfisins og hvernig við sem samfélag ætlum að haga öryggisneti framtíðarinnar.

Afmælisársins verður minnst 30. september næstkomandi með ráðstefnu þar sem fjallað verður um almannatryggingar á Íslandi og farið yfir sögu, þróun og framtíð kerfisins. Þá verður fjallað um samspil almannatrygginga við atvinnulíf, stéttarfélög, lífeyrissjóði og fræðasamfélag. Við fáum erlenda gesti og flutt verða erindi meðal annars frá OECD, ISSA alþjóðasamtökum almannatryggingastofnana, félags- og fjölskylduráðuneyti Möltu auk forstjóra almannatryggingastofnana á norðurlöndunum.

Huld Magnúsdóttir, forstjóri Tryggingastofnunar